



Fundargerð

Ársfundur 11. maí 2021

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn þriðjudaginn 11. maí 2021 kl. 14:00. Fundurinn var haldinn með rafrænum hætti í gegnum samskiptaforritið Teams.

Dan Brynjarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Einari Ingimundarsyni sem fundarritara.

Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og úrskurðaði hann fundinn því lögmatan. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Dan fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2020. Í ræðu hans kom fram að reksturinn hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu eins og undanfarin ár. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því og gefur glögga mynd af eignastöðu sjóðsins í árslok 2020.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 13.490 milljónum króna og hækkaði um 6,1% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 11,2% og hrein raunávöxtun 7,4% samanborið við 9,6% nafnávöxtun og 6,7% raunávöxtun á árinu 2019. Meðalraunávöxtun sjóðsins sl. 5 ár er 4,06% og 4,31% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má vel viðunandi.

2. Afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðileg úttekt

Framkvæmdastjóri, Jóhann Steinar Jóhannsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldapróun, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslum og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast.

Að lokinni yfirferð um ársreikning gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins m.v. athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 44,3%. Því duga eignir sjóðsins fyrir um 56% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Að loknum stuttum umræðum um ársreikninginn tryggingafræðilega stöðu var reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Kynning á fjárfestingarstefnu

Framkvæmdastjóri fór því næst yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun síðasta árs. Hann ræddi m.a. fjárfestingaumhverfi sjóðsins og ræddi ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

4. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að ytri endurskoðandi sjóðsins verði sá sami og fyrra ár í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, þ.e. endurskoðunarfyrtækið ENOR. Tillagan var samþykkt samhljóða

5. Samþykktarbreytingar

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að samþykktarbreytingum. Meginástæða breytinga er krafa Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um að samþykktir hafi að geyma ákvæði um það hvort, og þá hvernig, unnt sé að afturkalla umboð stjórnarmanna. Einnig er lögð til smávægileg breyting á grein 9.f. sem láðist að gera þegar iðgjöld launagreiðenda á móti 4% framlagi launþega voru aðlöguð að lágmarks mótframlagi (hækkuð úr 6% í 8%) á aukaársfundi 4. október 2018.

Bæði bæjarstjórn og stjórn Kjalara hafa samþykkt breytingatillögurnar auk þess sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins hefur staðfest að þær tillögurnar raski ekki mati á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

6. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að laun stjórnar og endurskoðunarnefndar lækki um 5% frá fyrra ári í samræmi við ákvörðun bæjarráðs um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Akureyrarbæ 20. október 2020.

Tillaga stjórnar er því eftirfarandi:

- Stjórnarmenn: 43.479 fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar: 114.130 fyrir hvern setinn fund
- Varamaður: 43.479 fyrir hvern setinn fund
- Nefndarmenn: 43.479 fyrir hvern setinn fund

Tillagan var samþykkt samhljóða

7. Önnur mál

Að lokum þakkaði fundarstjóri starfsmönnum og stjórn fyrir gott samstarf á starfsárinu og á fundinum. Aðrir stjórnarmenn tóku undir og þökkuðu hverjir öðrum fyrir samstarfið.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15:00

Fundarstjóri

Fundarritari

Dan Jens Brynjarsson

Einar Ingimundarson